

REGLUGERÐ

um skipulag póst- og símamálastjórnarinnar.

Samkvæmt lögum nr. 8 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og síma- mála, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um skipulag póst- og símamála- stjórnarinnar.

1. gr.

Yfirstjórn póst- og símamála er í höndum póst- og símamálastjóra og stendur hann beint undir ráðherra þeim, sem fer með póst- og símamál. Póst- og símamála- stjóri hefur hliðstæða stöðu og ráðuneytisstjóri, auk þess sem hann er aðalfram- kvæmdastjóri þeirrar ríkisstofnunar, sem annast rekstur pósts og síma.

Stofnunin greinist í fjórar aðaldeildir — póstmáladeild, radiótæknideild, símatæknideild, símarekstursdeild, — svo og þrjár sérdeildir — aðalpóststofuna í Reykjavík, bæjarsímann í Reykjavík og aðallandssímatöðina í Reykjavík. Þessar deildir greinast svo aftur í undirdeildir, samkvæmt ákvörðun póst- og símamála- stjóra.

Nánustu aðstoðarmenn póst- og símamálastjóra eru forstöðumenn hinna fjög- urra aðaldeilda, en auk þess forstöðumenn hinna þriggja sérdeilda, að því er varðar rekstur þeirra.

Auk funda með einstökum forstöðumönnum, heldur póst- og símamálastjóri að jafnaði einu sinni í mánuði heildarfund í póst- og símamálastjórninni með for- stöðumönnum aðaldeilda og sérdeilda, til þess að ræða sameiginleg mál og önnur meiri háttar mál, sem póst- og símamálastjóri telur rétt að ræða á slíkum fundi.

2. gr.

Þegar póst- og símamálastjóri er frá starfi eða erlendis lengur en 4 vikur, gegnir einn af forstöðumönnum hinna fjögurra aðaldeilda starfi hans samkvæmt ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Starfsskipting milli aðaldeilda og sérdeilda er í aðalatriðum, sem hér segir: Póstmáladeild annast öll póstmál, nema þau, sem falin eru aðalpóststofunni í Reykjavík.

Radiótæknideild annast öll radiótæknimál símans, þar á meðal rekstur tæknilegra stöðva, skrifstofa og verkstæða ásamt tilheyrandi efnisvörzlu.

Símatæknideild annast öll tæknimál símans, nema þau, sem eru falin radiótækni- deild, eða bæjarsímanum í Reykjavík, og þar á meðal rekstur tæknilegra stöðva, skrifstofa, og verkstæða ásamt tilheyrandi efnisvörzlu.

Símarekstrardeild annast símaviðskiptamál yfirleitt, umsjón með umdæmisstöðv- um símans utan Reykjavíkurumdæmis, aðalbókhald símans og aðalgjaldkera- deild, endurskoðunarskrifstofu símans, skýrsludeild og aðalskjalavörzlu. Þó eru undanskilin þau mál, sem eru falin öðrum deildum, svo sem bæjarsímanum í Reykjavík og aðallandssímatöðinni í Reykjavík.

Aðalpóststofan í Reykjavík annast rekstur póststofa, póstaafgreiðslna og bréfhirðinga í Reykjavík og nágrenni.

Bæjarsíminn í Reykjavík annast rekstur bæjarsímans í Reykjavík, Hafnarfirði og nágrenni (Kópavogi), svo og verklegar framkvæmdir hans.

Aðallandssímatöðin í Reykjavík annast viðskiptalegan rekstur ritsímans og talsíma- afgreiðslur í Reykjavík við stöðvar utan Reykjavíkur, svo og umsjón með slíkum

rekstri allra símsstöðva í Reykjavíkumdæmi, nema þeirra, er heyra undir 77
bæjarsíma Reykjavíkur. 24. maí

4. gr.

Forstöðumönnum aðaldeilda og sérdeilda ber, hverjum á sínu sviði, að vinna að góðu skipulagi og hagkvæmum rekstri og fylgjast vel með þeim framförum, sem verða í öðrum löndum.

Þeim ber að leggja fyrir póst- og símamálastjóra tillögur sínar um endurbætur í sinni deild, og hafa nána samvinnu sín á milli um sameiginleg mál.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Póst- og símamálaráðherrann, 24. maí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur Briem.

REIKNINGUR

78

yfir tekjur og gjöld hins Almenna kirkjusjóðs Íslands árið 1955.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun	kr. 2565120.40
2. Innlög á árinu	— 321482.78
3. Vextir á árinu:	
a. Af lánum	kr. 74712.48
b. — skuldabréfum	— 34804.00
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 11205.20
	<hr/>
4. Endurgreitt af lánum	— 120721.68
5. Til jafnaðar við gjaldalið 2	— 128767.20
6. Til jafnaðar við gjaldalið 4	— 58873.42
	<hr/>
	Kr. 3713965.48

Gjöld:

1. Úttekið af innstæðum	kr. 66332.69
2. Lán veitt	— 519000.00
3. Kostnaður	— 7800.00
4. Vaxtaafgangur	— 58873.42
5. Til jafnaðar við tekjulið 4	— 128767.20
6. Eign í árslok:	
a. Í lánum kirkna	kr. 1968688.99
b. Í skuldabréfum	— 673083.36
c. Í Landsbanka Íslands	— 291419.82
	<hr/>
	— 2933192.17
	<hr/>
	Kr. 3713965.48

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1956.

Ásmundur Guðmundsson.